



## Verkefni: Einstaklings- og fjölskylduuppbygging

Styrkþegi: [Kærleikssamtökin](#)

### Samantekt

Styrktarverkefnið fólst í námskeiði sem hafði fyrst og fremst þann tilgang að rjúfa félagslega einangrun þeirra sem bíða afplánunar og sem hafa lokið afplánun, sem og að aðstoða þá við varanlega uppbyggingu við að byggja upp stefnu í lífinu á eigin forsendum. Námskeiðið byggðist á a) námsefni – til að hver þátttakandi fengi skýra mynd af sjálfum sér, raunhæf markmið sett fram og leiðir til að ná þeim, líkamlega og andlega heilsu, að sleppa takinu á fortíðinni og taka á móti framtíðinni sem og að bera ábyrgð, b) verkefnum – til að hver og einn gæti tengt efnið við eigin aðstæður í lífinu og c) umfjöllun – til að tjá sig í öruggu umhverfi, til að miðla af eigin þekkingu og hlusta á aðra.

Námskeiðið átti upphaflega að vera á einum stað, í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi og átti að standa yfir í 16 vikur. Er kynningarnar fóru af stað var ákveðið að halda það á þrem stöðum ef þátttaka næðist. Að lokum var námskeiðið haldið í Gerðubergi og óvænt í Gistiskýlinu í Reykjavík. Alls sýndu ellefu einstaklingar námskeiðinu áhuga og skráðu sig, en sjö af þeim tóku þátt. Mesta þátttaka var í Gistiskýlinu. Verkefnið var unnið út frá fangelsisvist en einungis tveir þeirra sjö höfðu nýlega lokið afplánun, hjá hinum voru nokkur ár síðan. Miðað við að allir þátttakendur voru heimilislausir eða þekktu þá stöðu þá lá ljóst fyrir að heimilisleysi yfirgnæfir algjörlega alla aðra erfiðleika þeirra. Því var erfitt að vinna aðallega út frá fangelsisvistinni þar sem ekki var hægt að horfa fram hjá heimilisleysinu.

Við lok verkefnisins var gert ráð fyrir að halda ráðstefnu til að kynna árangur þess í heild sem og árangur þeirra sem sóttu námskeiðið. Markmiðið var að fjalla stuttlega um þær breytingar sem námskeiðið hafði á þátttakendur. Þar sem verkefnið þróaðist þannig að fimm hættu á fyrsta mánuðinum og hinir tveir hafa ekki lokið námskeiðinu, var ákveðið að breyta frá ráðstefnu yfir í að prenta þess í stað ítarlegan bækling sem veitir góða innsýn í verkefnið. Leggja þar áherslu á að vekja athygli á málefninu og kynna þær aðferðir sem [Kærleikssamtökin](#) hafa notað í tvö og hálf tveir ár fyrir fanga og aðstandendur þeirra. Hugmynd samtakanna byggir á sjálfstyrktarnámskeiði bæði innan og utan fangelsa og felst í úrræðinu [Einstaklings- og fjölskylduuppbygging](#).

# Project: Individual- and family structure

Grantee: [Organization of Charity](#)

## Abstract

The project included a course which had first and foremost the purpose of breaking the cycle of social isolation of the people who are waiting a jail sentence or who have completed a jail sentence, and to help them permanently structure their path in life of their own assumptions. The structure of the course was: a) curriculum – that every person could get a clear picture of themselves, realistic goals put forward and paths to find them, physical and emotional health, to release the past and to embrace the future and take responsibility for themselves, b) project – that everyone could take the curriculum and connect it to their own life and c) coverage – to express yourself in a safe environment, to mediate your own experiences and listen to others.

In the beginning the course was to be held at one place, in the Culture Center Gerðuberg and be held for 16 weeks. As the introduction went on it was decided to hold the course at three places if there was enough participation. Finally it was held at Gerðuberg and unexpectedly at the Homeless shelter for men in Reykjavík. Altogether eleven individuals showed the course some interest and signed on, but seven of them participated. The most participation was in the Homeless shelter. The project was developed from imprisonment but only two of the seven individuals had recently completed a jail sentence, the others some years ago. Since all the participants were homeless or recognized that situation in their life, it was therefore clear that homelessness completely dominated all their other difficulties. Therefore it was difficult to work mainly from the imprisonment since it was impossible to look over their homelessness.

At the end of the project there was going to be held a conference to introduce the conclusion and success of the course in whole and also their who attended the course. The goal was to introduce the changes that the course had on each individual. Due to the fact that five of the subjects stopped attending the course after the first month and the other two have not finished the course at the present time, it was decided to not have the conference but to print a brochure that gives a good insight into the project. Emphasize there to bring these issues to light and introduce the ways that the [Organization of Charity](#) have used for the last two and a half years to help incarcerated individuals and their relatives. The conception of the Organization builds on a course in self confidence, both inside and outside of prison and include the results of [individual- and family structure](#).